

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 90/2023

2023/EES/81/15

frá 28. apríl 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/378 frá 4. mars 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkestímabilum fyrir virku efnin abamektín, *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirtegund Aizawai af stofnum ABTS-1857 og GC-91, *Bacillus thuringiensis* undirtegund Israeliensis (sermigerð H-14) af stofni AM65-52, *Bacillus thuringiensis* undirtegund Kurstaki af stofnum ABTS 351, PB 54, SA 11, SA12 og EG 2348, *Beauveria bassiana* af stofnum ATCC 74040 og GHA, klódínaflöp, *Cydia pomonella*-kyrningaveiru (CpGV), sýpródíní, díklórpróp-P, fenpýroxímat, fosetýl, malaþíón, mepanípyrím, metkónasól, metrafenón, pírimíkarb, *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA342, pírimetaníl, *Pythium oligandrum* M1, rímsúlfúrón, spínósað, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, *Trichoderma harzianum* af stofnum T-22 og ITEM 908, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól og síram ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/383 frá 4. mars 2022 um endurnýjun á samþykki fyrir áhættulitla virka efninu *Metarhizium brunneum* af stofni Ma 43 (áður *Metarhizium anisopliae* var. *anisopliae* af stofni BIPESCO 5/F52), í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/437 frá 16. mars 2022 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu koltvísýringi, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/501 frá 25. mars 2022 um samþykki fyrir virka efninu *Beauveria bassiana* af stofni 203, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/686 frá 28. apríl 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2015/1295 og (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu súlfoxaflóri ⁽⁵⁾.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 72, 7.3.2022, bls. 2.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 76, 7.3.2022, bls. 1.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 89, 17.3.2022, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjttíð. ESB L 102, 30.3.2022, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjttíð. ESB L 126, 29.4.2022, bls. 18.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

- „– **32022 R 0378**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/378 frá 4. mars 2022 (Stjtið. ESB L 72, 7.3.2022, bls. 2),
- **32022 R 0383**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/383 frá 4. mars 2022 (Stjtið. ESB L 76, 7.3.2022, bls. 1),
- **32022 R 0437**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/437 frá 16. mars 2022 (Stjtið. ESB L 89, 17.3.2022, bls. 3),
- **32022 R 0501**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/501 frá 25. mars 2022 (Stjtið. ESB L 102, 30.3.2022, bls. 1),
- **32022 R 0686**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/686 frá 28. apríl 2022 (Stjtið. ESB L 126, 29.4.2022, bls. 18).“

2. Eftirfarandi er bætt við lið 13zzzzzh (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1295):

„, breytt með:

- **32022 R 0686**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/686 frá 28. apríl 2022 (Stjtið. ESB L 126, 29.4. 2022, bls. 18).“

3. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzzzs (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1474):

„13zzzzzzzzzzzt. **32022 R 0383**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/383 frá 4. mars 2022 um endurnýjun á samþykki fyrir áhættulitla virka efninu *Metarhizium brunneum* af stofni Ma 43 (áður *Metarhizium anisopliae* var. *anisopliae* af stofni BIPESCO 5/F52), í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 76, 7.3.2022, bls. 1).

13zzzzzzzzzzzu. **32022 R 0437**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/437 frá 16. mars 2022 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu koltvísýringi, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 89, 17.3.2022, bls. 3).

13zzzzzzzzzzzv. **32022 R 0501**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/501 frá 25. mars 2022 um samþykki fyrir virka efninu *Beauveria bassiana* af stofni 203, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 102, 30.3.2022, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2022/378, (ESB) 2022/383, (ESB) 2022/437, (ESB) 2022/501 og (ESB) 2022/686, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. apríl 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.